

AUGLÝSING

um viðbótarbókun við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 sem fjallar um samþykkt viðbótareinkennismarkis (bókun III).

Hinn 4. ágúst 2006 var ríkisstjórn Sviss afhent fullgildingarskjal Íslands vegna viðbótarbókunar við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 sem fjallar um samþykkt viðbótareinkennismarkis (bókun III), sem gerð var í Genf 8. desember 2005. Viðbótarbókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 14. janúar 2007.

Viðbótarbókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 11. ágúst 2006.

Valgerður Sverrisdóttir.

Grétar Már Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Viðbótarbókun við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 sem fjallar um samþykkt viðbótareinkennismarkis (bókun III).

Formálsorð.

Aðilar að bókun þessari,

1. sem minna á ákvæði Genfarsamninganna frá 12. ágúst 1949 (einkum 26., 38., 42. og 44. gr. fyrsta Genfarsamningsins) og, eftir atvikum, viðbótarbókana við þá frá 8. júní 1977 (einkum 18. og 38. gr. viðbótarbókunar I og 12. gr. viðbótarbókunar II) sem fjalla um notkun einkennismarkja,
2. sem óska þess að færa út fyrrnefnd ákvæði í því skyni að auka verndargildi þeirra og alþjóðlegt eðli,
3. sem vekja athygli á að bókun þessi er með fyrirvara um þann viðurkennda rétt aðila að henni að nota áfram þau merki sem þeir gera í samræmi við skuldbindingar samkvæmt Genfarsamningunum og, eftir atvikum, viðbótarbókunum við þá,
4. sem minnst þess að sú skylda að virða einstaklinga og hluti, sem njóta verndar samkvæmt Genfarsamningunum og viðbótarbókunum við þá, er rakin til verndaðrar stöðu þeirra að þjóðarétti og er ekki komin undir notkun einkennismarkja, auðkenna eða merkja,
5. taka ríkt fram að einkennismarkjunum er ekki ætlað að hafa neina trúarlega, svæðisbundna eða pólitíska merkingu eða þýðingu með tilliti til þjóðernis eða kynþáttar,
6. sem leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggja að skyldur, sem tengjast þeim einkennismarkjum sem eru viðurkennd samkvæmt Genfarsamningunum og, eftir atvikum, viðbótarbókunum við þá, séu virtar í einu og öllu,
7. sem minnst þess að skv. 44. gr. fyrsta Genfarsamningsins er gerður greinarmunur á notkun einkennismarkjanna eftir því hvort um notkun í verndar- eða leiðbeiningaskyni er að ræða,
8. sem minnst þess að landsfélögum, sem hefja starfsemi á landsvæði annars ríkis, ber að ganga úr skugga um að heimilt sé að nota þau merki sem þau hyggjast nota í tengslum við fyrrnefnda starfsemi í því landi þar sem hún fer fram og í því landi eða löndum sem farið er um,
9. sem viðurkenna þann vanda sem tiltekin ríki og landsfélög kunna að verða sett í noti þau nógildandi einkennismarki,
10. sem vekja athygli á að Alþjóðaráð Rauða krossins, Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Alþjóðleg hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans eru staðráðin í að halda nógildandi nöfnum sínum og merkjum,
hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Virðing fyrir bókun þessari og gildissvið hennar.

1. Aðilar að bókun þessari skuldbinda sig til þess að virða ákvæði hennar og sjá til þess að þau séu virt í öllum tilvikum.
2. Bókun þessi áréttar og er viðbót við ákvæði Genfarsamninganna fjögurra frá 12. ágúst 1949 („Genfarsamninganna“) og, eftir atvikum, tveggja viðbótarbókana við þá frá 8. júní 1977 („viðbótarbókana frá 1977“) sem fjalla um einkennismerkin, þ.e. rauða krossinn, rauða hálfmánann og rauða ljónið og sólina, og gildir við sömu aðstæður og þær sem fyrrnefnd ákvæði fjalla um.

2. gr.

Einkennismerki.

1. Með bókun þessari er viðurkennt viðbótareinkennismerki sem er viðbót við og gegnir sama hlutverki og einkennismerki Genfarsamninganna. Staða einkennismerkjanna skal vera jöfn.
2. Viðbótareinkennismerkið, sem er rauður ferningur á hvítum grunni, reistur á horn, skal vera í samræmi við myndlýsingu í viðauka við bókun þessa. Vísað er til fyrrnefnds einkennismarkis í bókun þessari sem „einkennismarkis þriðju bókunar“.
3. Skilyrði fyrir notkun einkennismarkis þriðju bókunar og því að það sé virt eru þau sömu og fyrir einkennismerkin sem voru ákveðin með Genfarsamningunum og, eftir atvikum, viðbótarbókunum frá 1977.
4. Starfsliði sem veitir læknishjálp og starfsliði trúarsamtaka innan heraflla aðila að bókun þessari er heimilt, án þess að það hafi áhrif á notkun gildandi merkja þeirra, að nota um stundarsakir sérhvert einkennismerki, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, geti það stuðlað að aukinni vernd.

3. gr.

Notkun einkennismarkis þriðju bókunar í leiðbeiningaskyni.

1. Landsfélögum þeirra aðila að bókun þessari sem kjósa að nota einkennismerki hennar (þriðju bókunar) er heimilt, þegar þau nota merkið í samræmi við viðeigandi innlenda löggjöf, að fella inn í það, í leiðbeiningaskyni:
 - a. Einkennismerki, sem er viðurkennt samkvæmt Genfarsamningunum, eða samsetningu þeirra merkja; eða
 - b. annað merki sem aðili að bókun þessari hefur notað í raun og í samskiptum við aðra aðila að henni og Alþjóðaráð Rauða krossins, fyrir atbeina vörsluaðilans, fyrir samþykkt bókunar þessarar.Innfelling skal vera í samræmi við myndlýsinguna í viðauka við bókun þessa.
2. Landsfélagi, sem kys að fella annað merki inn í einkennismerki þriðju bókunar skv. 1. mgr. hér að framan, er heimilt, í samræmi við innlenda löggjöf, að nota nafn þess merkis og sýna merkið á landsvæði sínu.
3. Landsfélagi er heimilt, í samræmi við innlenda löggjöf, í undantekningartilvikum og í því skyni að auðvelda störf sín, að nota einkennismerkið, er um getur í 2. gr. bókunar þessarar, um stundarsakir.
4. Ákvæði þessarar greinar hafa hvorki áhrif á lagalega stöðu þeirra einkennismarkja sem eru viðurkennd samkvæmt Genfarsamningunum og bókun þessari né lagalega stöðu sérhvers tiltekins merkis þegar það er innfellt í leiðbeiningaskyni skv. 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Alþjóðaráð Rauða krossins og Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Alþjóðaráði Rauða krossins og Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans er heimilt, ásamt starfsliði þeirra sem til þess hefur fulla heimild, að nota einkennismerkið, er um getur í 2. gr. bókunar þessarar, í undantekningartilvikum og í því skyni að auðvelda störf sín.

5. gr.

Sendisveitir á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Starfslíði, sem veitir læknishjálp og starfslíði trúarsamtaka, sem tekur þátt í aðgerðum á vegum Sameinuðu þjóðanna, er heimilt, með samþykki þátttökuríkja, að nota einkennismerkin er um getur í 1. og 2. gr.

6. gr.

Að koma í veg fyrir og stemma stigu við misnotkun.

1. Ákvæði Genfarsamninganna og, eftir atvikum, viðbótarbókananna frá 1977, sem fjalla um að koma í veg fyrir og stemma stigu við misnotkun einkennismerkjana, gilda jafnt um einkennismerki þriðju bókarinnar. Aðilar að bókun þessari skulu einkum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma ætíð í veg fyrir og stemma stigu við misnotkun einkennismerkjana, er um getur í 1. og 2. gr., og nafns þeirra, m.a. sviksamlega notkun og notkun sérhvers auðkennis eða nafns sem er eftirlíking þeirra.
2. Aðilar að bókun þessari geta, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hér að framan, heimilað fyrri notendum einkennismerkis hennar (þriðju bókarar), eða sérhvers auðkennis, sem er eftirlíking þess, að nota það áfram, að því tilskildu að slík notkun sé ekki þannig að líti út, þegar kemur til vopnaðra átaka, sem verið sé að veita vernd samkvæmt Genfarsamningunum og, eftir atvikum, viðbótarbókununum frá 1977 og að því tilskildu að réttar til slíkrar notkunar hafi verið aflað áður en bókun þessi var samþykkt.

7. gr.

Dreifing.

Aðilar að bókun þessari skuldbinda sig til þess, á tímum friðar sem vopnaðra átaka, að dreifa bókun þessari eins víða og aðstæður leyfa í landi hvers um sig og fella umfjöllun um hana sérstaklega inn í áætlanir sínar um herþjálfun og hvetja til þess að almenningur kynni sér efni hennar með það að markmiði að her og almenningur fái vitneskju um gerning þennan.

8. gr.

Undirritun.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðila að Genfarsamningunum daginn sem hún er samþykkt og næstu tólf mánuði þar á eftir.

9. gr.

Fullgilding.

Fullgilda ber bókun þessa jafnskjótt og aðstæður leyfa. Skjöl um fullgildingunni skal afhenda ríkisstjórn Sviss, sem er vörsluaðili Genfarsamninganna og viðbótarbókananna frá 1977, til vörslu.

10. gr.

Aðild.

Bókun þessi skal liggja frammi til aðildar af hálfu sérhvers aðila að Genfarsamningunum sem ekki hefur undirritað hana. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

11. gr.

Gildistaka.

1. Bókun þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að tvö skjöl um fullgildingunni eða aðild hafa verið afhent til vörslu.
2. Bókun þessi öðlast gildi, gagnvart sérhverjum aðila að Genfarsamningunum sem fullgildir bókunina eða gerist aðili að henni eftir það, sex mánuðum eftir að fyrrnefndur aðili afhendir skjal sitt um fullgildingunni eða aðild til vörslu.

12. gr.

Tengsl milliríkjasamninga við gildistöku bókunar þessarar.

1. Genfarsamningarnir gilda með viðbótum samkvæmt bókun þessari þegar aðilar að samningunum eru jafnframt aðilar að bókun þessari.
2. Þó einn aðili að átökunum sé óbundinn af bókun þessari eru aðilar að bókuninni eftir sem áður bundnir af henni í gagnkvæmum samskiptum sín á milli. Þeir skulu ennfremur bundnir af bókun þessari gagnvart sérhverjum aðila að Genfarsamningunum, sem er óbundinn af henni, ef sá aðili samþykkir ákvæði bókunarinnar og beitir þeim.

13. gr.

Breytingar.

1. Sérhverjum aðila að bókun þessari er heimilt að leggja fram breytingartillögur við hana. Texta sérhverrar breytingartillögu skal senda vörsluaðila sem ákveður, að höfðu samráði við alla aðila að bókun þessari, Alþjóðaráð Rauða krossins og Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans, hvort halda beri ráðstefnu sem fjalli um fyrrnefnda breytingartillögu.
2. Vörsluaðili skal bjóða öllum aðilum að bókun þessari til ráðstefnunnar, ásamt aðilum að Genfarsamningunum, hvort sem þeir hafa undirritað bókun þessa eða ekki.

14. gr.

Uppsögn.

1. Segi aðili að bókun þessari henni upp tekur uppsögnin fyrst gildi einu ári eftir að uppsagnarbréfi er veitt viðtaka. Sé sá aðili að bókun þessari sem segir henni upp hins vegar þátttakandi í vopnuðum átökum eða hernámi tekur uppsögn fyrst gildi þegar hinum vopnuðu átökum eða hernáminu lýkur.
2. Tilkynna ber vörsluaðila skriflega um uppsögnina sem sendir hana öllum aðilum að bókun þessari.
3. Uppsögnin gildir eingöngu gagnvart þeim aðila að bókun þessari sem segir henni upp.
4. Uppsögn skv. 1. mgr. hefur ekki áhrif á þær skuldbindingar sem sá aðili að bókun þessari sem segir henni upp hefur þegar undirgengist, sökum hinna vopnuðu átaka eða hernámsins, samkvæmt bókun þessari með tilliti til sérhvers verknaðar sem er framinn áður en uppsögnin tekur gildi.

15. gr.

Tilkynningar.

- Vörsluaðili skal tilkynna öllum aðilum að bókun þessari, ásamt aðilum að Genfarsamningunum, hvort sem þeir hafa undirritað bókun þessa eða ekki, um:
- a. hverja undirritun bókunar þessarar og hverja afhendingu skjala um fullgildingu og aðild til vörslu skv. 8., 9. og 10. gr.;
 - b. gildistöku dag bókunar þessarar í samræmi við 11. gr., innan tíu daga frá fyrrnefndri gildistöku;
 - c. orðsendingar sem veitt er viðtaka skv. 13. gr.;
 - d. uppsagnir skv. 14. gr.

16. gr.

Skráning.

1. Vörsluaðilinn skal senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna bókun þessa, eftir að hún öðlast gildi, til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
2. Vörsluaðili skal og tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um sérhverja fullgildingu, aðild og uppsögn sem hann veitir viðtöku og varðar bókun þessa.

17. gr.

Gildir textar.

Frumrit bókunar þessarar, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent vörsluaðila til vörslu sem sendir aðilunum að Genfarsamningunum staðfest rétt endurrit af því.

Viðauki

Einkennismerki þriðju bókunar

(2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. bókunar þessarar)

1. gr.

Einkennismerki.



2. gr.

Notkun einkennismerkis þriðju bókunar í leiðbeiningaskyni.



Innfelling skv. 3. gr.

**Protocol additional to the Geneva Conventions of 12 August 1949,
and relating to the Adoption of an Additional Distinctive
Emblem (Protocol III)**

Preamble

The High Contracting Parties,

- (PP1) *Reaffirming* the provisions of the Geneva Conventions of 12 August 1949 (in particular Articles 26, 38, 42 and 44 of the First Geneva Convention) and, where applicable, their Additional Protocols of 8 June 1977 (in particular Articles 18 and 38 of Additional Protocol I and Article 12 of Additional Protocol II), concerning the use of distinctive emblems,
 - (PP2) *Desiring* to supplement the aforementioned provisions so as to enhance their protective value and universal character,
 - (PP3) *Noting* that this Protocol is without prejudice to the recognized right of High Contracting Parties to continue to use the emblems they are using in conformity with their obligations under the Geneva Conventions and, where applicable, the Protocols additional thereto,
 - (PP4) *Recalling* that the obligation to respect persons and objects protected by the Geneva Conventions and the Protocols additional thereto derives from their protected status under international law and is not dependent on use of the distinctive emblems, signs or signals,
 - (PP5) *Stressing* that the distinctive emblems are not intended to have any religious, ethnic, racial, regional or political significance,
 - (PP6) *Emphasizing* the importance of ensuring full respect for the obligations relating to the distinctive emblems recognized in the Geneva Conventions, and, where applicable, the Protocols additional thereto,
 - (PP7) *Recalling* that Article 44 of the First Geneva Convention makes the distinction between the protective use and the indicative use of the distinctive emblems,
 - (PP8) *Recalling further* that National Societies undertaking activities on the territory of another State must ensure that the emblems they intend to use within the framework of such activities may be used in the country where the activity takes place and in the country or countries of transit,
 - (PP9) *Recognizing* the difficulties that certain States and National Societies may have with the use of the existing distinctive emblems,
 - (PP10) *Noting* the determination of the International Committee of the Red Cross, the International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies and the International Red Cross and Red Crescent Movement to retain their current names and emblems,
- Have agreed on the following:*

Article 1

Respect for and scope of application of this Protocol.

1. The High Contracting Parties undertake to respect and to ensure respect for this Protocol in all circumstances.
2. This Protocol reaffirms and supplements the provisions of the four Geneva Conventions of 12 August 1949 („the Geneva Conventions“) and, where applicable, of their two Additional Protocols of 8 June 1977 („the 1977 Additional Protocols“) relating to the distinctive emblems, namely the red cross, the red crescent and the red lion and sun, and shall apply in the same situations as those referred to in these provisions.

Article 2

Distinctive emblems.

1. This Protocol recognizes an additional distinctive emblem in addition to, and for the same purposes as, the distinctive emblems of the Geneva Conventions. The distinctive emblems shall enjoy equal status.
2. This additional distinctive emblem, composed of a red frame in the shape of a square on edge

- on a white ground, shall conform to the illustration in the Annex to this Protocol. This distinctive emblem is referred to in this Protocol as the „third Protocol emblem“.
3. The conditions for use of and respect for the third Protocol emblem are identical to those for the distinctive emblems established by the Geneva Conventions and, where applicable, the 1977 Additional Protocols.
 4. The medical services and religious personnel of armed forces of High Contracting Parties may, without prejudice to their current emblems, make temporary use of any distinctive emblem referred to in paragraph 1 of this Article where this may enhance protection.

Article 3

Indicative use of the third Protocol emblem.

1. National Societies of those High Contracting Parties which decide to use the third Protocol emblem may, in using the emblem in conformity with relevant national legislation, choose to incorporate within it, for indicative purposes:
 - a. a distinctive emblem recognized by the Geneva Conventions or a combination of these emblems; or
 - b. another emblem which has been in effective use by a High Contracting Party and was the subject of a communication to the other High Contracting Parties and the International Committee of the Red Cross through the depositary prior to the adoption of this Protocol.Incorporation shall conform to the illustration in the Annex to this Protocol.
2. A National Society which chooses to incorporate within the third Protocol emblem another emblem in accordance with paragraph 1 above, may, in conformity with national legislation, use the designation of that emblem and display it within its national territory.
3. National Societies may, in accordance with national legislation and in exceptional circumstances and to facilitate their work, make temporary use of the distinctive emblem referred to in Article 2 of this Protocol.
4. This Article does not affect the legal status of the distinctive emblems recognized in the Geneva Conventions and in this Protocol, nor does it affect the legal status of any particular emblem when incorporated for indicative purposes in accordance with paragraph 1 of this Article.

Article 4

International Committee of the Red Cross and International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies.

The International Committee of the Red Cross and the International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies, and their duly authorized personnel, may use, in exceptional circumstances and to facilitate their work, the distinctive emblem referred to in Article 2 of this Protocol.

Article 5

Missions under United Nations auspices.

The medical services and religious personnel participating in operations under the auspices of the United Nations may, with the agreement of participating States, use one of the distinctive emblems mentioned in Articles 1 and 2.

Article 6

Prevention and repression of misuse.

1. The provisions of the Geneva Conventions and, where applicable, the 1977 Additional Protocols, governing prevention and repression of misuse of the distinctive emblems shall apply equally to the third Protocol emblem. In particular, the High Contracting Parties shall take measures necessary for the prevention and repression, at all times, of any misuse of the distinctive emblems mentioned in Articles 1 and 2 and their designations, including the perfidious use and the use of any sign or designation constituting an imitation thereof.
2. Notwithstanding paragraph 1 above, High Contracting Parties may permit prior users of the third Protocol emblem, or of any sign constituting an imitation thereof, to continue such use, provided that the said use shall not be such as would appear, in time of armed conflict, to

confer the protection of the Geneva Conventions and, where applicable, the 1977 Additional Protocols, and provided that the rights to such use were acquired before the adoption of this Protocol.

Article 7

Dissemination.

The High Contracting Parties undertake, in time of peace as in time of armed conflict, to disseminate this Protocol as widely as possible in their respective countries and, in particular, to include the study thereof in their programmes of military instruction and to encourage the study thereof by the civilian population, so that this instrument may become known to the armed forces and to the civilian population.

Article 8

Signature.

This Protocol shall be open for signature by the Parties to the Geneva Conventions on the day of its adoption and will remain open for a period of twelve months.

Article 9

Ratification.

This Protocol shall be ratified as soon as possible. The instruments of ratification shall be deposited with the Swiss Federal Council, depositary of the Geneva Conventions and the 1977 Additional Protocols.

Article 10

Accession.

This Protocol shall be open for accession by any Party to the Geneva Conventions which has not signed it. The instruments of accession shall be deposited with the depositary.

Article 11

Entry into force.

1. This Protocol shall enter into force six months after two instruments of ratification or accession have been deposited.
2. For each Party to the Geneva Conventions thereafter ratifying or acceding to this Protocol, it shall enter into force six months after the deposit by such Party of its instrument of ratification or accession.

Article 12

Treaty relations upon entry into force of this Protocol.

1. When the Parties to the Geneva Conventions are also Parties to this Protocol, the Conventions shall apply as supplemented by this Protocol.
2. When one of the Parties to the conflict is not bound by this Protocol, the Parties to the Protocol shall remain bound by it in their mutual relations. They shall furthermore be bound by this Protocol in relation to each of the Parties which are not bound by it, if the latter accepts and applies the provisions thereof.

Article 13

Amendment.

1. Any High Contracting Party may propose amendments to this Protocol. The text of any proposed amendment shall be communicated to the depositary, which shall decide, after consultation with all the High Contracting Parties, the International Committee of the Red Cross and the International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies, whether a conference should be convened to consider the proposed amendment.
2. The depositary shall invite to that conference all the High Contracting Parties as well as the Parties to the Geneva Conventions, whether or not they are signatories of this Protocol.

Article 14

Denunciation.

1. In case a High Contracting Party should denounce this Protocol, the denunciation shall only take effect one year after receipt of the instrument of denunciation. If, however, on the expiry of that year the denouncing Party is engaged in a situation of armed conflict or occupation, the denunciation shall not take effect before the end of the armed conflict or occupation.
2. The denunciation shall be notified in writing to the depositary, which shall transmit it to all the High Contracting Parties.
3. The denunciation shall have effect only in respect of the denouncing Party.
4. Any denunciation under paragraph 1 shall not affect the obligations already incurred, by reason of the armed conflict or occupation, under this Protocol by such denouncing Party in respect of any act committed before this denunciation becomes effective.

Article 15

Notifications.

The depositary shall inform the High Contracting Parties as well as the Parties to the Geneva Conventions, whether or not they are signatories of this Protocol, of:

- a. signatures affixed to this Protocol and the deposit of instruments of ratification and accession under Articles 8, 9 and 10;
- b. the date of entry into force of this Protocol under Article 11 within ten days of said entry into force;
- c. communications received under Article 13;
- d. denunciations under Article 14.

Article 16

Registration.

1. After its entry into force, this Protocol shall be transmitted by the depositary to the Secretariat of the United Nations for registration and publication, in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.
2. The depositary shall also inform the Secretariat of the United Nations of all ratifications, accessions and denunciations received by it with respect to this Protocol.

Article 17

Authentic texts.

The original of this Protocol, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the depositary, which shall transmit certified true copies thereof to all the Parties to the Geneva Conventions.

ANNEX

THIRD PROTOCOL EMBLEM

(Article 2, paragraph 2 and Article 3, paragraph 1 of the Protocol)

Article 1

Distinctive emblem.



Article 2

Indicative use of the third Protocol emblem.

